

**Sp.**

**604. Fyrirspurn**

[329. mál]

til dómsmálaráðherra um flugrekstur Landhelgisgæslunnar.

Frá Skúla Alexanderssýni, Guðrúnu Helgadóttur og Karvel Pálmasyni.

I.

1. Hve háa leigu greiða Flugleiðir hf. Landhelgisgæslunni fyrir Fokker Friendship-vélina TF-SYN? Er leigugjaldið breytilegt eftir árstíma?
2. Hvaða ný tæki og búnaður verða sett í TF-SYN, á hvers vegum verða þau sett í vélina og hvað munu þau kosta?
3. Verða breytingar á starfsmannahaldi í flugrekstri Landhelgisgæslunnar í tengslum við leigusamninginn?
4. Mun Landhelgisgæslan „grípa til“ flugvéla frá öðrum aðilum en Flugleiðum hf. „ef þörfin er brýn“?
5. Má ætla að í framtíðinni megi draga úr fjárframlögum til Landhelgisgæslunnar með því að leigja flugvélar hennar, skip og tæki til einkaaðila?
6. Hefur komið til álita að leigja öðrum en Flugleiðum hf. flugvélar Landhelgisgæslunnar, t.d. ferðaskrifstofum eða öðrum flugfélögum? Er líklegt að svo verði í framtíðinni?
7. Að hvaða leyti er leigusamningurinn við Flugleiðir hf. „hagstæður“ fyrir Landhelgisgæsluna?

II.

1. Hvert var söluverð þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-GRÓ?
2. Hvert er kaupverð á Aerospatiale Eucril-þyrlu frá Frakklandi sem Landhelgisgæslan er að kaupa?
3. Hvaðan kemur það fjármagn sem á milligjöfina vantar til viðbótar söluverði TF-GRÓ?

**Skriflegt svar óskast.**